



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

**DANS3BF05**  
Bókmenntir og ferðalag

**Kennari: Ida Lön (IL)**  
**idalon@fsu.is**

### Áfangalýsing:

Áfanganum er skipt niður í þrjár lotur: Barnabókmenntir, ferðalag og skáldsagnalestur.

Í áfanganum verður farið til Kaupmannahafnar og stór hluti áfangans helgaður því skipulagi. Nemendur bera ábyrgð á öllum þáttum skipulagsins t.d. fjármögnun, dagskrá á meðan á ferðinni stendur og vinna verkefni á dönsku í ferðinni sem verða lögð lokahönd á að ferðinni lokinni.

Lesnar verða u.þ.b. átta barna- og unglingabækur á dönsku og farið verður í grunnhugtök bókmennta- og myndgreiningar. Lotunni lýkur með því að nemendur skrifa sína eigin barnabók og myndskreyta hana.

Lesin verður eina danska skáldsögu sem nemendur velja af kjörbókalista, að lestri loknum taka nemendur munnlegt próf á dönsku þar sem rætt er ýtarlega um söguna.

Áhersla verður lögð á með hagnýtum hætti að styrkja alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nýsköpun, „dannelse“ og sjálfstæð hugsun eru lykilorð áfangans.

Samskipti fara fram á dönsku.

**Undanfari: DANS2ME05**

<b>Þekkingarviðmið</b>	<b>Nemandinn skal þekkja og skilja:</b>
	<ul style="list-style-type: none"><li>• orðaforða og málvenjur sem gera honum kleift að tileinka sér sérhæft lesefni.</li><li>• sértækan orðaforða sem hentar viðfangsefninu sem unnið er með hverju sinni.</li><li>• hefðir sem eiga við um talað og ritað mál.</li><li>• grunnhugtök í bókmenntagreiningu.</li><li>• hvernig boðskapur birtist í bókum ætluðum börnum.</li><li>• grunnhugtök í myndgreiningu í barnabókmenntum.</li><li>• stilbrögð í mismunandi bókmenntatextum.</li></ul>

<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilja vel efni sérhæfðra texta á sviði sem hann þekkir.</li> <li>• beita orðasamböndum sem eru einkennandi fyrir bæði skrifað og talað mál.</li> <li>• skilja mál sem talað er við mismunandi aðstæður jafnvel þó svo frásögnin sé ekki sett skipulega fram.</li> <li>• lesa texta sem gera miklar kröfur til lesandans t.d. í uppbyggingu, myndmáli og stílbrögðum.</li> <li>• beita mismunandi lestraraðferðum eftir því hvernar gerðar textinn er og hvert markmiðið með lestrinum er.</li> <li>• flytja af öryggi verkefni fyrir framan nemendahóp sem og kennara.</li> <li>• skrifa texta í mismunandi tilgangi með tilheyrandi stílbrögðum og málsniði, t.d. í fræðilegum tilgangi þegar unnið er með túlkun og greiningu og persónulegri þegar samin er barnabók.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna sjálfstæð, gagnrýnin og nýskapandi verkefni eins og að semja barnabók með tilheyrandi myndskreytingum, ákveðnum boðskap og málnotkun sem hentar ákveðnum aldurshópi.</li> <li>• skilja megininntak erinda um flókin málefni sem hann þekkir ekki til.</li> <li>• tjá tilfinningar og nota hugmyndaflug sitt.</li> <li>• beita stílbrögðum t.d. myndmáli og líkingamáli á skýru og vönduðu máli í ræðu og riti.</li> <li>• flytja vel uppbyggða frásögn eða kynningu fyrir framan hóp nemenda og kennara af sannfæringu og innlifun.</li> <li>• taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, draga fram aðalatriði, tjá afstöðu og efasemdir og komast að niðurstöðu.</li> <li>• eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum.</li> <li>• leysa ýmis mál sem koma upp í samskiptum og vera tilbúinn til málamiðlunar.</li> <li>• útskýra sjónarmið og rekja ólík sjónarmið með og á móti.</li> <li>• bera ábyrgð, vera hvetjandi og sveiganlegur í samvinnu.</li> </ul>

### Námsefni:

1. **Barna- og unglingsbækur**, þær verða til taks hjá kennara.

2. **Dönsk skáldsaga sem er a.m.k. 250 bls. að lengd** – kjörbókalistinn er undir Efni á Innu og bækur fást að láni á bókasafni FS.u.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
<b>MODUL 1: Børnebogslitteratur</b> Læs og analysér ca. 8 danske børnebøger.	Analyseopgaver i små grupper.
<b>MODUL 2: Din egen børnebog</b> Udtænkning, skrivning og illustrering af børnebog.	- Bogen tegnes og skrives. - Mundtlig opgave hvor proces og resultat diskuteres.
<b>MODUL 3: København</b> Planlægning af turen til København Rejsen til København  Valg af roman på skolens bibliotek <b>senest tirsdag d. 26. marts.</b>	- Planlægning - Rejse - Rejseopgaver – herunder mundtlig opgave om turen  - Valg af roman
<b>MODUL 4: Roman</b> Læs romanen du har valgt med opgaven til modul 4 ved hånden.  Aftal et tidspunkt for den mundtlige opgave med din lærer.	- Individuel læsning derhjemme.  - Mundtlig opgave om romanen.

## Sérreglur áfangans:

Símat með áherslu á munnlegum verkefnum. Mikilvægt er að nemendur haldi vel utan um vinnuna sína þar sem öll verkefni hafa vægi.

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsháttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Barnabókmenntir	Barnabókalestur og -greiningu, u.þ.b. 8 bækur og 8 verkefni. Paraverkefni.	15%

Barnabók	Dín eigin barnabók búin til - myndskreytt, með texta á dönsku. Einstaklingsverkefni.	15%
Barnabók	Samtal þar sem rætt er m.a. um gerð bókarinnar, um boðskapur hennar og um útkoma hennar (u.þ.b. 10 mínútna samtal á dönsku). Einstaklingsverkefni.	10%
Kaupmannahöfn	Skipulag, umræður, framkvæmd og ábyrgð. Allur hópurinn vinnur saman, sum verkefni eru einstaklingsverkefni, mikilvægt er að axla ábyrgð.	15%
Kaupmannahöfn	Ferðalag til Kaupmannahafnar. Gagnvirk verkefni í stórborg. Allur hópurinn saman og unnið í ólíkum hópum.	10%
Kaupmannahöfn	Munnleg greinagerð að ferðinni lokinni (u.þ.b. 10 mínútna samtal). Einstaklingsverkefni.	10%
Skáldsaga	Lestur heima. Einstaklingsverkefni.	(...)
Skáldsaga	Munnleg greinagerð: Samtal á dönsku á.m.a. um persónur og innihald bókarinnar, um hvernig lesturinn tókst og hvaða upplifun fylgdi þeirri vinnu að lesa skáldverk á dönsku (u.þ.b. 10 mínútna samtal). Einstaklingsverkefni.	15%
Samantekt kennarans undir lok annar	Virkni, þáttaka, áhugi og ábyrgð	10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Kærlig hilsen,**

**Ida Løn, Selfoss januar 2024**